

## Fundur í stjórn foreldrafélags Króks

8. október 2018

### Fundargerð

Mætt: Lilja, Sigrún, Heiðar og Gígja

1. Stjórn skipti með sér verkum. Lilja Ósk formaður, Gígja ritari og Heiðar gjaldkeri.
2. Áfallateymi Heilsuleikskólans Króks. Fundarmenn sammála um að stjórn verði í áfallateyminu auk nokkurra foreldra. Leikskólinn er með lista með símanúmerum foreldra.
3. Staða fjármála. Staðan á bankareikningnum er um 228.616 kr. Við munum taka þátt í leiksýningu sem leikskólastjórar völdu og við greiðum fyrir. Það kostar 100.000 kr. og höfum við þegar samþykkt það.
4. Jólballið. Stjórnin ræddi að halda ballið laugardaginn 8. desember og gera það með sama sniði og í fyrra. Við ætlum að hittast einu sinni í næsta mánuði og skipuleggja það betur og gefa hverjum og einum hlutverk til að allt gangi upp.
5. Jólagjafir. Stjórnin ræddi mögulegar jólagjafir og kom upp sú hugmynd að kaupa hvítar svuntur af Ali og fá þær í leikskólanum til að skreyta þær með börnunum. Þau munu skreyta sína eigin svuntu. Það þarf að fara fyrir nefnd í leikskólanum fyrst. Verður rætt nánar á næsta fundi. Ef það eru einhverjar aðrar hugmyndir af jólagjöfum þá eru allar hugmyndir góðar og gildar. Við höfum ekki mikið svigrúm peningalega séð til að kaupa gjafir og því mega þær ekki vera dýrar.

Fundargerð ritaði: Lilja Ósk.